Ávarp á 42. aðalfundi Landssambands smábátaeigenda

Formaður, framkvæmdastjóri og góðir gestir.

Það er mér sönn ánægja að vera með ykkur hér í dag á 42. aðalfundi Landssambands smábátaeigenda.

Ég þakka kærlega fyrir boðið og tækifærið til að ræða við ykkur um stöðuna og framtíðina í málefnum smábátaútgerðar og sjávarbyggða.

Ég vil byrja á því að þakka forystu LS fyrir afar góð, fagleg og hreinskiptin samskipti á liðnu ári.

Sérstaklega vil ég þakka formanni ykkar, Kjartani Páli Sveinssyni, fyrir samstarfið og þann mikla kraft sem hann hefur sýnt á sínu fyrsta starfsári.

Jafnframt vil ég bjóða Bryndísi Ósk Jökla Björnsdóttur hjartanlega velkomna til starfa og óska henni velfarnaðar í hlutverki framkvæmdastjóra.

Um leið er mér ljúft og skylt að færa Erni Pálssyni hugheilar þakkir fyrir hans ómetanlega og þrotlausa starf í þágu smábátaeigenda.

---

1. Síðasta sumar

Góðir fundarmenn.

Þegar ég ávarpaði ykkur á síðasta aðalfundi ræddum við meðal annars kvótasetningu grásleppunnar á fyrra kjörtímabili.

Við hétum því að vinda ofan af þeirri vegferð sem þáverandi ríkisstjórn lagði upp í.

Með frumvarpi samflokksmanna minna í Flokki fólksins, þeirra Lilju Rafneyjar Magnúsdóttur, sem ávarpaði ykkur í gær, og Sigurjóns Þórðarsonar, var málið klárað á Alþingi í vor og tóku lögin gildi 1. september síðastliðinn.

Grásleppan er komin aftur í sitt fyrra horf. Við sögðumst ætla að gera þetta, og við stóðum við það.

Stóra verkefnið í mínu ráðuneyti hófst sumarið 2025, þegar meðferð og ráðstöfun 5,3% byggðakerfisins var flutt yfir í innviðaráðuneytið.

Þegar við tókum við málaflokknum hafði leyfilegur heildarafli í þorski dregist verulega saman. Hann hefur lækkað úr um 254 þúsund tonnum fiskveiðiárið 2020/2021 niður í rúm 199 þúsund tonn á yfirstandandi fiskveiðiári. Þetta er samdráttur upp á 22%.

Áður en málaflokkurinn fluttist yfir til okkar stefndi í þrönga stöðu fyrir sumarið 2026. Ef haldið hefði verið í óbreytta skiptingu potta innan 5,3% kerfisins hefðu strandveiðar aðeins haft 9.149 tonn af þorski til ráðstöfunar.

Tímabilið hefði þá klárast í byrjun júlí.

Þessu breyttum við – og niðurstaðan talar sínu máli:

Strandveiðiflotinn landaði 14.114 tonnum af þorski í sumar – meiri afla en nokkru sinni fyrr í sögu strandveiða.

Til að tryggja þennan árangur var gripið til tveggja aðgerða:

- Í fyrsta lagi var innbyrðis skiptingu kerfisins breytt þannig að strandveiðar fengu stærri hlut af þeim tonnum sem voru til skiptanna.
- Í öðru lagi samþykkti Alþingi í vor sérstaka heimild fyrir allt að 2.700 tonna viðbót í þorski til strandveiða.

Auk þess skilaði skiptimarkaður betri niðurstöðu en áætlað var, tæpum þúsund tonnum, sem bætt var við í byrjun ágúst.

---

2. Erfiðar ákvarðanir

Þessi niðurstaða fékkst hins vegar ekki af sjálfu sér og kallaði á erfiðar ákvarðanir. Til að ná þessu fram þurfti að forgangsraða upp á nýtt og færa til aflaheimildir í kerfinu – og slíkt er aldrei gert af léttúð.

Mín sýn er sú að við eigum að leggja meiri áherslu á jafnræði þeirra sem starfa í greininni og draga úr sértækum ívilnunum sem hafa misst tengsl við sín upphaflegu markmið.

Ég veit mætavel að þessar breytingar voru sársaukafullar fyrir marga. Þegar takmörkuðum og verðmætum gæðum er úthlutað eru sjaldnast allir sáttir. Mér er vel kunnugt um að margir í

þessum sal eru óánægðir með skerðingu á línuívilnun og forysta LS hefur haldið þeirri umræðu kröftuglega á lofti, bæði á fundum með mér og í bréfum til ráðuneytisins.

Þess vegna erum við núna að skoða hvernig við getum breytt fyrirkomulagi línuívilnunar. Markmiðið er að þau tonn sem fara í línuívilnun renni ekki til stærri aðila með sterka kvótastöðu, heldur nýtist beint til að styðja við smærri útgerðir og þá sem reiða sig á úrræðið í minni sjávarbyggðum.

---

3. Pólitískt langhlaup

Kæru félagar.

Það er stórt verkefni fram undan að tryggja nægar aflaheimildir fyrir góða vertíð næsta sumar.
Í hvert einasta skipti sem stigið er skref til að rétta hlut smábátaeigenda og efla strandveiðar mætir okkur andstreymi. Þótt 5,3% kerfið sé aðeins brot af heildarkvótanum, þá er barist um hvert einasta tonn.

Þess vegna skiptir miklu máli að Landssamband smábátaeigenda sé áfram öflugt, sýnilegt í samfélagsumræðunni og beiti þrýstingi þar sem þörf er á.

Ég ætla líka að ræða við ykkur um pólitík.

Til þess að við í Flokki fólksins höfum afl til að brjóta niður múra í kerfinu og ná fram varanlegum breytingum, þá þurfum við að finna fyrir sterkum stuðningi.

Ef þeir stjórnmálamenn sem taka slaginn fyrir smábátasjómenn gegn ríkjandi hagsmunum standa veikt, þá eru pólitísku skilaboðin inn í stjórnkerfið einfaldlega þau að það borgi sig ekki að berjast fyrir þennan hóp.

Þessi barátta er langhlaup. Og þótt mörgum þyki hægt ganga, þá sýna tölurnar að við erum að ná árangri. Hlutfall strandveiða af þorski innan 5,3% kerfisins hefur aldrei verið hærra en nú, þrátt fyrir mikinn samdrátt í heildarafla.

---

4. Endurskoðun byggðakvóta

Góðir gestir.

Ég ætla að fara yfir það sem er á teikniborðinu hjá okkur í ráðuneytinu í haust og vetur.

Í fyrsta lagi vinnum við að heildarendurskoðun byggðakerfisins og stefnum að því að leggja fram frumvarp um byggðakvóta og aðra liði þess fljótlega eftir áramót. Þar er almenni byggðakvótinn eitt stærsta viðfangsefnið.

Ég hef lesið ályktanir svæðisfélaga ykkar frá haustfundunum – þar sem lýst er þungum áhyggjum af því hvernig úthlutun byggðakvóta hefur þróast á einstaka stöðum. Ég tek heilshugar undir þá gagnrýni.

Ég vil koma í veg fyrir að stórútgerðir njóti úthlutunar úr þessum félagslega hluta fiskveiðistjórnunarkerfisins. Almennur byggðakvóti á að renna til smærri útgerða og til raunverulegrar

atvinnuuppbyggingar í þeim byggðarlögum sem standa höllum fæti og þurfa á honum að halda.

Við ætlum að gera úthlutunina gagnsærri. Fólk í sjávarbyggðum á að sjá skýrt hvaða skilyrði gilda, hvers vegna aflaheimildum er ráðstafað með tilteknum hætti og hvaða mælanlega árangri það á að skila í atvinnu og verðmætasköpun í heimabyggð.

---

5. Nýtt strandveiðifrumvarp í nóvember

Í öðru lagi stefni ég að því að mæla fyrir nýju strandveiðifrumvarpi á Alþingi í nóvember.

Í þeirri vinnu sem nú stendur yfir leggjum við meðal annars áherslu á fjögur atriði sem ég veit að brenna á ykkur:

- Við viljum tryggja að hvert strandveiðileyfi sé bundið einstaklingi sem gerir út einn bát. Strandveiðikerfið er hugsað fyrir einstaklinga og á að verja aðgang þeirra að auðlindinni – það á ekki að vera vettvangur fyrir rekstur bátaflota eða brask með báta og leyfi.
- Við ætlum að breyta reglum um veikindi og afleysingamenn. Reynslan hefur sýnt okkur að núverandi kerfi er allt of ósveigjanlegt þegar alvarleg veikindi eða áföll koma upp hjá sjómönnum á miðri vertíð.
- Við viljum auka aðgengi að ufsanum. Ufsinn á að vera raunverulegur og álitlegur valkostur á strandveiðum til viðbótar við þorskinn, án þess að hann skerði möguleika manna eins og nú er.

- Við ætlum að taka hart á síbrotamönnum innan kerfisins. Við vitum að það er lítill hópur sem veiðir langt umfram leyfilegan dagsafla vegna þess að viðurlögin bíta ekki nógu fast. Það er óásættanlegt að menn komist upp með slíka framkomu á kostnað þeirra sem fara eftir reglunum.

---

6. Punktakerfið

Góðir gestir.

Hugmyndir hafa verið uppi um að koma á nýju punktakerfi. Ég vil segja það strax hér í upphafi að við förum ekki í slíkar breytingar gegn vilja meginþorra strandveiðisjómanna.

Hugmyndafræðin á bak við drögin er sú að í stað þess að allir keppi um strandveiðipottinn í kapphlaupi við tímann, fái hver strandveiðimaður sína heimild og sína daga fyrir fram.

Kerfið yrði áfram opið öllum. Allir fengju sama grunnafla á dag, en ofan á hann bættust punktar sem gæfu meiri afla. Þar er bæði horft til byggðafestu í smærri byggðum og nýliðunar, en ekki síður til þeirra sem leggja mest undir og hafa strandveiðar að sínu aðalstarfi – hvar sem þeir gera út.

Ég veit að þessar hugmyndir hafa mætt gagnrýni á aðalfundum svæðisfélaganna og ég hef lesið bréf formanns ykkar frá 29. september, þar sem raktar eru áhyggjur af því flækjustigi sem gæti fylgt kerfinu.

Markmið okkar er að bæta starfsumhverfi strandveiðimanna – ekki að gera það verra eða flóknara. Eins og ég sagði í upphafi: við

tökum engin skref í þessa átt nema um þau ríki víðtæk sátt í ykkar röðum.

---

7. Lokaorð

Góðir fundarmenn.

Við vinnum hörðum höndum að því að bæta kerfið og tryggja öfluga vertíð næsta sumar. Við höfum sama markmið og það skiptir máli að við stöndum saman að því.

Ég veit líka að margir hér inni eru óþolinmóðir. Ég er það líka. En þetta er eðli verkefnisins: þetta er barátta, og hún tekur tíma. Ég vildi svo sannarlega óska þess að hægt væri að laga fiskveiðistjórnunarkerfið með einu pennastriki ráðherra. Lífið er ekki svo einfalt, allra síst í stjórnmálum.

Örn Pálsson sagði hér í fyrra: „Við ***höfðum*** meðbyr og við ***höfum*** meðbyr.“ Ég tek undir það. Meðbyrinn er til staðar. Það er okkar að nýta hann.

Ég þakka ykkur kærlega fyrir samstarfið og óska Landssambandi smábátaeigenda velfarnaðar í störfum sínum.

Takk fyrir.